



Bréfa- og málasafn 1949

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmála- og Utanríkisráðherra - Ásgeir Ólafsson - Ágúst Steingrímsson - Ásgeir Þorsteinsson - C. W. Baxter - Emil Magnússon - Erik Brüel - Halldór Hansen - Hannes Kjartansson - Helgi Bergson - Verslunarráð Íslands - Ólafur Thors - Jón Helgason - Jón Sigurðsson - Jón Sveinsson - Óskar Þ Þórðarson - Paul Teetor - Ragnar Lundberg - Roger G Allen - Sig. Ágústsson - Sigurður Halldórsson - T Miyasawa - Verslunarráð Íslands - Alþýðusamband Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-11, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð miðstjórn Alþýðusambands Íslands er kunnugt um, að fram hafa komið kröfur frá iðnrekendum, mjólkurframleiðendum o.fl. um hækkun verðlag á neyzluvörum almennings, og kröfur þessar m.a. verið grundvallarar á nýorðinni kauphækkun, er verkafólk hefur fengið, þykir okkur rétt að vekja athygli háttvirtrar ríkisstjórnar á eftirfarandi:

Eins og fram kom í bréfi miðstjórnarinnar þinn 19. des. s.l. hefur sú stefna verið ríkjandi hjá nýverandi stjórn Alþýðusambandsins að vinna ^Fþví, að ekki yrði skertur kaupmáttur launa verkafólks en allt gert sem hægt væri til að auka hann, og þá fyrst og fremst með því að lækka dýrtíðina í landinu og gefa með því laununum meira gildi.

Því miður hefur þetta ekki tekist og hörmum við það mjög.

Hinsvegar höfum við orðið að horfast í augu við þar staðreyndir að vöruverð hefur farið hækkandi og kaupmáttur vinnulauna að sama skapi minnkandi og afkoma almennings eftir því.

Það var því í hreinni nauðvörn, að Alþýðusambandið hvatti félag sín til að segja upp samningum og taka upp baráttu fyrir hækkun grunnkaupi, og kröfum öllum frá hendi sambandsins svo í hóf stillt að þar fullkomlega sýndu, að með þeim var einungis krafist þess, að ná sama jafnvægi á milli kauplags og verðlags og var, er vísitalan hafði verið lögfest, enda ekki ástæða til að mta, að sú launabreyting yrði nefnd grundvöllur fyrir framleiðendur eða aðra slíka, er vinnu þurfa að kaupa, til að skapa kröfur um hækkun verðlag.

Hinsvegar mátti gera ráð fyrir, að öll kauphækkun þar fram yfir, yrði notuð sem rökstuðningur um fyrri kröfur framleiðenda um verðhækkun og því mjög tvíþent fyrir verkafólk ef hún yrði til að framkalla verðhækkun og þannig taka á brott

nýfengnar kjarabatur.

Af þessum sökum þykir miðstjórn Alþýðusambandsins mikils vert, að engar verðhækkanir séu leyfðar frá því sem var fyrir kaupgjaldshækkunina og leyfir sér hérmeð að gera þá kröfu til háttvirtrar ríkisstjórnar, að hún standi sem fastast gegn allri ásókn framleiðenda og atvinnurekenda í þá átt.

Jafnframt vill miðstjórnin tjá háttvirtri ríkisstjórn, að hún mun þleitast við, með öllum þeim metti, er hún hefur yfir að ráða að hindra það, að þar kjarabatur, er verkafélögssamtökin hafa nú náð félögum sínum til handa, verði skertar á beinan eða óbeinan hátt.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Jón Sigurðsson (sign)

Til

ríkisstjórnar Íslands,
e/o Hr. forsætisráðherra,
Stefán Jóhann Stefánsson,
Reykjavík.

T. MIYASAWA

PROFESSEUR À LA FACULTÉ DE DROIT
DE L'UNIVERSITÉ ~~DE TOKIO~~ DE TOKIO

April the 25th, 1949.

Dear Mr Benediktsson,

It was a very agreeable surprise to read in newspapers that you, as foreign minister of Iceland, signed the ^{North} Atlantic Treaty ^{at} on behalf of your country in Washington. I hasten to express my heartiest gratitude for the work you have done for humanity with the representatives of the U. S. and other countries.

Do you remember me, a Japanese, who studied German in the same class with you at the "Institut für Ausländer an der Universität Berlin" in 1931? I remember you very well. I never forget the kindness you showed me in giving ^{me} the book entitled "Iceland", published ^{to} commemorate the anniversary of the Central Bank ^{of Iceland}. The book gave ^{me} much knowledge ^w and ^{and} curiosity toward your Heimat.


Since I returned to Japan from Europe in 1932, I work as Professor of Public Law at ~~the~~ ⁿ Tokyo University. During ⁿ while Japan was allied with Nazi-Germany and Fascist Italy and fought against the U.S. and Great Britain, we liberal professors had to suffer very much from the militarists' persecution, but after the surrender of Japan in 1945, the political institutions and customs are being rapidly democratized. Militaristic and dictatorial Japan is gone....for ever, I hope. But dangers are not lacking. So long as ^{taxi} totalitarian states exist somewhere in this world, so long as such states endeavor to destroy liberal and democratic way of thinking, even in other countries, we can not be safe. I hope that the North Atlantic Treaty will be able to avoid war and establish real world peace.

T. MIYASAWA

PROFESSEUR À LA FACULTÉ DE DROIT
DE L'UNIVERSITÉ ~~DE TOKIO~~ DE TOKIO

When you will have received this letter, will you kindly write to me, via the U. S.? I should like to know that Japan, which has, for so long ~~a~~time, been secluded from the other parts of the world, has at last been allowed to come in ~~close~~ contact ever with the remotest country.

Sincerely yours,



Signed: T. M I Y A S A W A

Professor ~~of~~ the Faculty of Law,
Tokyo University
T O K Y O, Japan.

THE **Rotarian**

Official Magazine of Rotary International

35 EAST WACKER DRIVE **Chicago 4, ILLINOIS, U.S.A.**
December 2, 1949


Bjarni Benediktsson
Utanrikisraoherra
Secretary of State
Reyjavik, Iceland

Dear Sir:

We are pleased to advise you that Mr. Kay Humphrey, Winnetka Trust & Savings Bank, Winnetka, Illinois, has renewed your subscription to THE ROTARIAN, official publication of Rotary International.

We trust you will enjoy our Magazine during the months to come.

Very cordially yours,



Paul Teetor
Business and Advertising Manager
eo

HANNES KJARTANSSON

50 BROAD STREET, ROOM 720
NEW YORK 4, N. Y.

TEL. WHITEHALL 4-3784

23. marz, 1949.

Utanríkisráðh. Bjarni Benediktsson,
c/o Stjórnarráðið,
Reykjavík.


Kæri utanríkisráðherra:

Ég sendi hér með kvittanir og yfirlit frá P.O. Johnsen, sem sýnir að þér skulduðuð honum \$49.77.

Innstæða yðar hjá mér er því \$30.33, sem ég mun geyma þar til ég fæ nánari fyrirmæli frá yður.

Ef það er nokkuð, sem ég get gert fyrir yður, skuluð þér ekki hika við að láta mig vita, og ég mun gera mitt bezt.

Með kærum kveðjum til yðar og frá Sigríðar.



PETUR O. JOHNSON
~~55 WEST 42ND STREET~~
NEW YORK 18, N. Y.
15 William St. Zone 5

DATE March 14, 1949

Mr. Bjarni Benediktsson,
Reykjavik

STATEMENT

1949					
Jan.	15	TO:	Macy's (Suit)	66.30	
	13		B. Altman (Dress)	71.35	
			do	25.50	
	13	BY:	Received		250.00
Mar.	15	TO:	B. Altman (Bag)	18.30	
	15		do (Suit)	61.15	
	15		do (Hose)	8.26	
	15		do (Shoes)	13.21	
	19		Leslies (Dress)	35.70	
	19	BY:	Balance		49.77
				<u>299.77</u>	<u>299.77</u>
Mar.	19	TO:	Balance	49.77	

--oOo--

HANNES KJARTANSSON

50 BROAD STREET, ROOM 720
NEW YORK 4, N. Y.

TEL. WHITEHALL 4-3784

23. marz, 1949.

Utanríkisráðh. Bjarni Benediktsson,
c/o Stjórnarráðið,
Reykjavík.


Kæri utanríkisráðherra:

Ég sendi hér með kvittanir og yfirlit frá P.O. Johnsen, sem sýnir að þér skulduðuð honum \$49.77.

Innstæða yðar hjá mér er því \$30.33, sem ég mun geyma þar til ég fæ nánari fyrirmæli frá yður.

Ef það er nokkuð, sem ég get gert fyrir yður, skuluð þér ekki hika við að láta mig vita, og ég mun gera mitt bezta.

Með kærum kveðjum til yðar og frú Sigríðar.



PETUR O. JOHNSON
~~55 WEST 42ND STREET~~
NEW YORK 18. N. Y.
15 William St. Zone 5

DATE March 14, 1949

Mr. Bjarni Benediktsson,
Reykjavik

STATEMENT

1949					
Jan.	15	TO:	Macy's (Suit)	66.30	
	13		B. Altman (Dress)	71.35	
			do	25.50	
	13	BY:	Received		250.00
Mar.	15	TO:	B. Altman (Bag)	18.30	
	15		do (Suit)	61.15	
	15		do (Hose)	8.26	
	15		do (Shoes)	13.21	
	19		Leslies (Dress)	35.70	
	19	BY:	Balance		49.77
				=====	=====
				299.77	299.77
				=====	=====
Mar.	19	TO:	Balance	49.77	

--oOo--



CONSULATE GENERAL OF ICELAND
50 BROAD STREET
NEW YORK 4, N. Y.

4. nóvember, 1949.

Hr. utanríkisráðh.
Bjarni Benediktsson,
c/o Utanríkisráðuneytið,
Reykjavík.

Kæri Bjarni:

Með tilvísun til bréfaviðskipta okkar í sambandi við Eirík Ketilsson, vil ég fyrst og fremst biðja þig afsökunar á að hafa ekki skrifað þér fyrr. Ástæðan er sú, að ég hefi verið að biða eftir svörum frá tveim fyrirtækum, sem voru að athuga möguleikana á því að taka Eirík í sína þjónustu. Því miður hefir þetta brugðizt, aðallega vegna þess að þeir telja mjög erfitt að veita útlendingum atvinnu bæði vegna Útlendingaeftirlitsins og einnig vegna málsins. Ég benti á, að það myndi sennilega vera hægt að sjá svo um, að Eiríkur kæmi sem innflytjandi, þannig að ekki hlytust nein vandræði af í sambandi við Útlendingaeftirlitið. Þrátt fyrir þetta þóttust þeir ekki geta tekið Eirík í sína þjónustu. Ég er nú í sambandi við eitt fyrirtæki í viðbót, sem hefir lofað að láta mig vita eftir eina eða tvær vikur. Í millitíðinni væri æskilegt að fá upplýsingar um enskukunnáttu Eiríks og einnig hvaða menntun hann hefir.

Eins og þú skilur er ómögulegt fyrir mig að lofa neinu í þessu efni, en ég skal ekkert láta ógert, sem mér getur komið til hugar í þessu sambandi.

Með beztu kveðjum til þín og konu þinnar.

ÁSGEIR ÞORSTEINSSON

VERKFRÆÐINGUR

M. V. I.
REYKJAVÍK — ÍSLAND

Reykjavík, 21/7 1949

Greinargerð um áburðarverksmiðju.

Það sem ég vildi sagt hafa um áburðarverksmiðjuna er þetta:

Við dr. Björn Jóhannesson höfum verið að fást við þetta mál síðan 1944, að fyrsta frumv. kom fram.

Upplýsingar sem við studdumst aðallega við komu úr 2 áttum, frá amerísku firma er heitir Chemical Construction Corporation í N.Y. (Vilhj. Þór og Sig. Jónasson kynntu það), og frá ensku firma Bamag Ltd. í London (sem ég fékk til að gera samanburðartilboð 1944 og dr. Björn Jóhannesson heimsótti 1946).

Bæði eru þessi firmu vel þekkt.

Þegar verksm. frumvarpið kom fram á ný 1948, bætti Bjarni Ásgeirsson, Jóhannesei syni sínum í hópinn, og síðan sömdum við þrír í sameiningu allar greinargerðir og álit, bæði til þings og stjórnar.

Þegar verksm. stærðin var komin upp í 5000 smál., var enn stuðst við upplýsingar frá þessum fyrnefndu firmum. Jóhannes Bjarnason útvegaði tilboðið frá Ameríku en ég frá Englandi. Eintak af tilboði og upplýsingum enska firmans Bamag Ltd. var sent Bjarna Ásgeirssyni í okt. 1948.

Um ameríska tilboðið og hið enska er það að segja, að hið síðarnefnda var a.m.k. 1 $\frac{1}{2}$ miljón ódýrara fob. (U.S.A. tilboðið kr. 16,7 milj., enska kr. 15,0 milj.)

Í skýrslu sem við 3 sömdum 4. okt. 1948 til afnota gagnvart O.E.E.C., París, var því tekið fram, að góðir möguleikar væru á því að útvega áburðarverksmiðjuvélar í Evrópu, en það var þá talið allmikils virði.

En í skýrslu, sem Jóhannese Bjarnason gaf einn, 20. apríl 1949, eftir för til Parísar um veturinn að hitta sendiherrann og hafa tal af nefndarmönnum í O.E.E.C. og firmum er þeir bentu á, er því slegið föstu, að útilokað sé að kaupa vélar í áb. verksmiðju frá þáttökulöndunum, vegna dýrleika, vinnufreks fyrirkomulags og langs afgreiðslutíma. Hafði Jóhannes hitt að máli eitt breskt firma, Power Gas Corporation, en firmað Bamag hafði hann ekki hitt, og tilboð þess frá okt. 1948, kom hvergi fram í samanburðinum.

21/7/49.

Greinargerð um áburðarverksmiðju.

Ameríska firmað Chemical Construction Corporation, var enn talið bera sigur úr bytum.

Þegar söluforstjóri firmans Bamag Ltd. fór til Parísar á dögunum og hitti sendiherrann að máli, fékk hann að vita þessar niðurstöður Jóhannesar. En ég fékk vitneskju um þetta frá þeim enska, í símskeyti þar sem hann lýsir vonbrigðum yfir því að upplýsingar frá firma hans, hafi hvergi komið fram gagnvart O.E.E.C.

Ég reddi mál þetta við Bjarna Ásgeirsson, sem lofaði því, að við endanlegt útböð skyldi firmað Bamag fá tækifæri til að koma með tilboð.

Fyrir skömmu hringdi Steingrímur Jónsson mig upp, ut af því að Þórhallur Ásgeirsson hafði beðið hann að aðstoðar við að sannfæra O.E.E.C. mennina um hagkvæma samvinnu milli nýju Sogsvirkunarinnar og áb. verksm. Þetta er eitt af stóru atriðunum í málinu, og verð ég því að fara um það nokkrum orðum.

Ef reisa á áburðarverksmiðju frá rötum, þarf hún geysistöra rafstöð, sennilega ekki undir 15 þús. kw. (7500 smál. verksmiðja).

Mér var það ljóst í upphafi, að með því að útvega áb. verksm. sína eigin stöð, yrði stofnkostnaður stórum hærrí, og það sem verra var, rafmagnskostn. nærri óberilegur.

Fór ég því þegar árið 1942 að athuga möguleikana á því að tengja áburðarverksm. við Sogið.

Rafmagnspörf áburðarverksm. er tvennskonar:

- a. Til vélareksturs 15%
- b. Til vatnsefnisframl. 85%

Orkan samkvæmt a þarf að vera samfelld og getur ekki fallið niður neinn tíma sólarhringsins.

Orkan samkvæmt b þarf ekki að vera samfelld, og getur fallið niður að heita má alveg í t.d. 2 klst. Er því hægt að fella þessa orku að mestu niður á haneyslutímum rafstöðvar eins og Sogsins, sem eru 1-2klst. tvisvar á dag, og vinna þetta upp á öðrum tímum, þegar almenna orkuneyslan er mikið lægri.

Ef áb. verksm. er því tengd Soginu, eftir stækkun þess, í stað þess að fá eigin rafstöð, má reikna með, að hún þurfi ekki meir en 20% sem samfellda orku, eða 3000 kw. í stað 15,000 kw., og hitt geti hún fengið sem umfram orku frá Sogsstöðinni, við ca. 1/3 af raforkuverðinu (árskw. á kr. 70.- í stað kr. 200.-)

21/7/49.

Greinargerð um áburðarverksmiðju.

Ef þetta reynist rétt sem ég held fram, gerir það gæfumuninn fyrir áb.verksm., og með þessu er reiknað í áætlunum, í samráði við Steingrím Jónsson og Björn Jóhannesson.

Mér skilst að þessar áætlanir séu véfengdar af O.E.E.C. mönnum, og víst er það, að verkfr. frá Chem. Construction Corp., sem hingað kom 1944 áttaði sig ekki á þessu þá, en firmað Bamag í London gerði þá tilboð samkv. minni tillögu, og sendi línurit af raforkueyðslunni, þar sem sýnd er notkun umfram-orku. Þess skal getið að firma þetta er mjög vel þekkt fyrir vatnsefnistöki sín.

Ég er því hræddur um, að ef ekki er hægt að sannfæra þá, sem sannfæra þarf, um hægkvæma samvinnu Sogsins og áb. verksm. séu örlög hennar skráð, af þeirri ástæðu einni.

Nú liggja fyrir ýmsar spurningar í þessu máli. Ekki veit ég um hvað annað er spurt, því auk rafmagnsstjóra og raforkumálastj., er Jóhannes Bjarnason ~~einn~~ talinn einfær að ráða fram úr tekniskum atriðum verksmiðjunnar.

En dr. Björn Jóhannesson hringdi mig upp í gær, og kvartaði undan því, að honum hafi verið sýnt uppkast að svari Jóhannesar við spurningum O.E.E.C. til einskonar prófarkalesturs, og hefði þar margt verið mjög athugasvert. Hafði hann þá ráðlagt Þórhalli Ásgeirssyni að láta mig fylgjast með málinu, en það hefur ekki verið gert.

Í slíku stórmáli sem þessu, eru vinnubrögðin, sem notuð eru, fyrir neðan allar hellur.

Fyrirtækið hefur fengið sína löglega kosnu stjórn, en hún er hvergi látin koma nærri, en málið algerlega í höndum þeirra feðganna Bjarna Ásgeirssonar og sonar hans. Ekki er mér kunnugt um að Jóhannes sé ráðinn af verksm.stjórn til þess að vera hennar ráðunautur, og vel má það hugsast, að aðrir verkfræðingar komi til greina til þess að leiðbeina verksm.stjórninni.

En þessa greinargerð vil ég láta frá mér fara, svo það komi skýrt í ljós, hvað mér finnst ábótavant í meðferð þessa máls, og hvar og hvernig mín afskipti af málinu eru látin niður falla.

21/7 1949

Greinargerð um áburðarverksmiðju.

Það sem ég vildi sagt hafa um áburðarverksmiðjuna er þetta:

Við dr. Björn Jóhannesson höfum verið að rást við þetta mál síðan 1944, að fyrsta frumv. kom fram.

Upplýsingar sem við studdumst aðallega við komu úr 2 áttum, frá amerísku firma er heitir Chemical Construction Corporation í N.Y. (Vilhj. Þór og Sig. Jónasson kynntu það), og frá ensku firma Bamag Ltd. í London (sem ég fékk til að gera samanburðartilboð 1944 og dr. Björn Jóhannesson heimsótti 1946).

Bæði eru þessi firmu vel þekkt.

Þegar verksm. frumvarpið kom fram á ný 1948, bætti Bjarni Ásgeirsson, Jóhannessi syni sínum í hópinn, og síðan sömdum við þrír í sameiningu allar greinargerðir og álit, bæði til þings og stjórnar.

Þegar verksm. stærðin var komin upp í 5000 smál., var enn stuðst við upplýsingar frá þessum fyrnefndu firmum. Jóhannes Bjarnason útvegaði tilboðið frá Ameríku en ég frá Englandi. Eintak af tilboði og upplýsingum enska firmans Bamag Ltd. var sent Bjarna Ásgeirssyni í okt. 1948.

Um ameríska tilboðið og hið enska er það að segja, að hið síðarnefnda var a.m.k. 1 $\frac{1}{2}$ miljón ódýrara fob. (U.S.A. tilboðið kr. 16,7 milj., enska kr. 15,0 milj.)

Í skýrslu sem við 3 sömdum 4. okt. 1948 til afnota gagnvart O.E.E.C., París, var því tekið fram, að góðir möguleikar væru á því að útvega áburðarverksmiðjuvélar í Evrópu, en það var þá talið allmikils virði.

En í skýrslu, sem Jóhannese Bjarnason gaf einn, 20. apríl 1949, eftir för til Parísar um veturinn að hitta sendiherrann og hafa tal af nefndarmönnum í O.E.E.C. og firmum er þeir bentu á, er því slegið föstu, að útilokað sé að kaupa vélar í áb. verksmiðju frá þáttökulöndunum, vegna dýrleika, vinnufreks fyrirkomulags og langs afgreiðslutíma. Hafði Jóhannes hitt að máli eitt breskt firma, Power Gas Corporation, en firmað Bamag hafði hann ekki hitt og tilboð þess frá okt. 1948, kom hvergi fram í samanburðinum.

21/7/49.

Greinargerð um áburðarverksmiðju.

Ameríska firmað Chemical Construction Corporation, var enn talið bera sigur úr bítum.

Þegar söluforstjóri firmans Bamag Ltd. fór til Parísar á dögunum og hitti sendiherrann að máli, fékk hann að vita þessar niðurstöður Jóhannesar. En ég fékk vitneskju um þetta frá þeim enska, í símskeyti þar sem hann lýsir vonbrigðum yfir því að upplýsingar frá firma hans, hafi hvergi komið fram gagnvart O.E.E.C.

Ég ræddi mál þetta við Bjarna Ásgeirsson, sem lofaði því, að við endanlegt útboð skyldi firmað Bamag fá tækifæri til að koma með tilboð.

Fyrir skömmu hringdi Steingrímur Jónsson mig upp, út af því að Þórhallur Ásgeirsson hafði beðið hann að aðstoðar við að sannfæra O.E.E.C. mennina um hagkvæma samvinnu milli nýju Sogsvirkunarinnar og áb. verksm. Þetta er eitt af stóru atriðunum í málinu, og verð ég því að fara um það nokkrum orðum.

Ef reisa á áburðarverksmiðju frá rótum, þarf hún geysistöra rafstöð, sennilega ekki undir 15 þús. kw. (7500 smál. verksmiðja).

Mér var það ljóst í upphafi, að með því að útvega áb. verksm. sína eigin stöð, yrði stofnkostnaður stórum hærrí, og það sem verra var, rafmagnskostn. nærri óbærilegur.

Fór ég því þegar árið 1942 að athuga möguleikana á því að tengja áburðarverksm. við Sogið.

Rafmagnspörf áburðarverksm. er tvennskonar:

- a. Til vélareksturs 15%
- b. Til vatnsefnisframl. 85%

Orkan samkvæmt a þarf að vera samfelld og getur ekki fallið niður neinn tíma sólarhringsins.

Orkan samkvæmt b þarf ekki að vera samfelld, og getur fallið niður að heita má alveg í t.d. 2 klst. Er því hægt að fella þessa orku að mestu niður á háneyslutímum rafstöðvar eins og Sogsins, sem eru 1-2klst. tvisvar á dag, og vinna þetta upp á öðrum tímum, þegar almenna orkuneyslan er mikið lægri.

Ef áb. verksm. er því tengd Soginu, eftir stækkun þess, í stað þess að fá eigin rafstöð, má reikna með, að hún þurfi ekki meir en 20% sem samfellda orku, eða 3000 kw. í stað 15,000 kw., og hitt geti hún fengið sem umfram orku frá Sogsstöðinni, við ca. 1/3 af raforkuverðinu (árskw. á kr. 70.- í stað kr. 200.-)

21/7/49.

Greinargerð um áburðarverksmiðju.

Ef þetta reynist rétt sem ég held fram, gerir það gæfumuninn fyrir áb.verksm., og með þessu er reiknað í áætlunum, í samráði við Steingrím Jónsson og Björn Jóhannesson.

Mér skilst að þessar áætlanir séu véfengdar af O.E.E.C. mönnum, og víst er það, að verkfr. frá Chem. Construction Corp., sem hingað kom 1944 átti sig ekki á þessu þá, en firmað Bamag í London gerði þá tilboð samkv. minni tillögu, og sendi línurit af raforkueyðslunni, þar sem sýnd er notkun umfram-orku. Þess skal getið að firma þetta er mjög vel þekkt fyrir vatnsefnistöki sín.

Ég er því hræddur um, að ef ekki er hægt að sannfæra þá, sem sannfæra þarf, um hagkvæma samvinnu Sogsins og áb. verksm. séu örlög hennar skráð af þeirri ástæðu einni.

Nú liggja fyrir ýmsar spurningar í þessu máli. Ekki veit ég um hvað annað er spurt, því auk rafmagnsstjóra og raforkumálastj., er Jóhannes Bjarnason einn talinn einfær að ráða fram úr tekniskum atriðum verksmiðjunnar.

En dr. Björn Jóhannesson hringdi mig upp í gær, og kvartaði undan því, að honum hafi verið sýnt uppkast að svari Jóhannesar við spurningum O.E.E.C. til einskonaþrúfarkalesturs, og hefði þar margt verið mjög athugasvert. Hafði hann þá ráðlagt Þórhalli Ásgeirs-syni að láta mig fylgjast með málinu, en það hefur ekki verið gert.

Í slíku stórmáli sem þessu, eru vinnubrögðin, sem notuð eru, fyrir neðan allar hellur.

Fyrirtækið hefur fengið sína löglega kosnu stjórn, en hún er hvergi látin koma nærri, en málið algerlega í höndum þeirra feðganna Bjarna Ásgeirssonar og sonar hans. Ekki er mér kunnugt um að Jóhannes sé ráðinn af verksm.stjórn til þess að vera hennar ráðunautur, og vel má það hugsast, að aðrir verkfræðingar komi til greina til þess að leiðbeina verksm.stjórninni.

En þessa greinargerð vil ég láta frá mér fara, svo það komi skýrt í ljós, hvað mér finnst ábótavant í meðferð þessa máls, og hvar og hvernig mín afskipti af málinu eru látin niður falla.



VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

PÓSTHÓLF 514
SÍMAR: 3694 OG 4098

HB/KK

REYKJAVÍK, 21. febr. 1949.

Í framhaldi af bréfi voru til formanns Sjálfstæðisflokksins frá 9. febr. s.l., leyfir Verzlunarráðið sér hér með að senda yður afrit af bréfi dags. í dag, en það er til skýringar á tölum þeim, er fram voru settar í fyrrgreindu bréfi.

Með sérstakri virðingu,

STJÓRN VERSLUNARRÁÐS ÍSLANDS

[Handwritten signature]
Varaform.

[Handwritten signature]

Utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson.



VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

PÓSTHÓLF 514
SÍMAR: 3694 OG 4098

REYKJAVÍK,

21. febrúar 1949.

HB/RP.

Hr. formaður Sjálfstæðisflokksins
Ólafur Thors
Reykjavík.

Vér vísum til bréfs vors til yðar dags. 9. febr. þ.á. og leyfum oss í framhaldi af því að gefa yður eftirfarandi upplýsingar til nánari skýringar á skiptingu vefnaðarvöru milli innflutningsaðila.

Með bréfi dags. 11. okt. 1945 skrifaði Viðskiptaráðið Sambandi vefnaðarvöruinnflytjenda (en í því voru stórkaupmenn, smákaupmenn, iðnrekendur, S.I.S. og kaupfélög innan S.I.S.) og skýrði því frá því, að viðskiptamálaráðuneytið hefði gefið fyrirmæli um að skipta skyldi vefnaðarvörum milli innflytjenda samkvæmt þeim skýrslum, sem gerðar voru fyrir árin 1943 og 1944.

Var þá lagt til að:

1. Innflutningsleyfin skyldu miðuð við innflutning alls tímabilsins 1938-1944.
2. Innflutningur á tilbúnum fatnaði árin 1943-1944 skyldi tekinn með í úthlutunargrundvöllinn.
3. Innflutningur ársins 1942 skyldi lækkaður um 47% (og var það gert).

Í samræmi við þetta lét viðskiptaráð gera nýja skrá yfir kvóta þann 11. okt. 1945 og urðu niðurstöðutölurnar, sem hér segir:

Iðnaður	10.44%
Heildverzlun	64.74%
Kaupmenn	13.99%
S.I.S. og kaupfélög	10.83%

Þessi skrá kom þó aldrei til framkvæmdar heldur var áfram stuðst við eldri skrána frá 11. 5. 1944, en þar var skiptingin þessi:

Heildverslunin	55.48%	- 64.88
Kaupmenn	15.57%	- 18.21
Iðnaður	14.49%	
S.Í.S. og kaupfélög	14.46%	- 16.91
	<u>100.00</u>	<u>100.00</u>

Þessi síðarnefnda skrá var byggð á innflutningi aðila 1938-1942, og var hún sá grundvöllur, sem á var byggt frá stofnun Sambands vefnaðarvöruinnflytjenda og þar til hinum svokölluðu "hafnarbakkavörum" var með samkomulagi kaupmannaverzlana og S.Í.S., skipt í hlutfallinu 75% 25% eins og fram var tekið í bréfi voru frá 9. þ.m.

Með sórstakri virðingu,
STJÓRN VERSLUNARRÁÐS ÍSLANDS

FÉLAG VEFNAÐARVÖRUKAUPMANNA

Í REYKJAVÍK

18. febrúar 1949.

Herra dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Þessa dagana hefur flestum ef ekki öllum vefnaðarvörukaupmönnum Reykjavíkur verið stefnt til sakadómara út af kærur verðlagsstjóra á hendur kaupmanna fyrir það, að hafa vanrækt að uppruna-merkja einhverjar innlendir framleiðsluvörur, sem þeir hafa til sölu.

Stjórn félagsins hefur farið á fund verðlagsstjóra, er segist styðjast við fyrirmæli í auglýsingu sinni nr. 25, dagsettri 14. nóvember 1947, og kveðst munu halda rétti sínum til þess að kæra kaupmenn fyrir sakadómara, til streitu, á meðan nokkur innlend vara finnst ómerkt í verslunum.

Ekki viljum vér gefa í skyn, að verðlagsstjóra skorti fyrirmæli til þessarar framkvæmdar gagnvart kaupsýslumönnum en hitt er augljóst mál, að því lík fyrirmæli brjóta algjörlega í bág við heilbrigða skoðun almennings og mun, ásamt ýmsum fleiri tilskipunum, sem gefnar hafa verið út hina síðustu mánuði, miða að því að þurrka út alla viðleitni heiðarlegra kaupsýslumanna til þess að virða landslögin.

Íslenskir kaupsýslumenn hafa að sjálfsögðu sætt sig við hina illu nauðsyn hverskyns hafta á sviði innflutnings, verðlags- eftirlits og skömmunar, á meðan ljóst er að þeim er beitt af nauðsyn og skynsemi og með almenningsheill fyrir augum. En þegar hver ráðstöfunin á fætur annari virðist helst til þess gerð að troða á þessari stétt manna að nauðsynjalausu, kæfa störf hennar í endalausri skriffinnsku og snatti á milli opinberra embættismanna og búa þannig um hnútana, að hver og einn sé brotlegur við lögin, þá hljóta mótmæli að koma fram um síðir.

Um langt árabíl hefur það tíðkast hér að ýmsir einstaklingar vinni að einhverskonar heimilisiðnaði í frístundum sínum, einkum fyrir jólin, til þess fyrst og fremst að hafa eitthvað fyrir stafni og jafnframt vinna sér inn aukaskilding. Þessi tómstundavinna hefur víða um heim, og einnig hér á Íslandi fram að þessu, verið talin mjög til fyrirmyndar og umfram allt lofsverðari en iðjuleysi og eyðslusemi. En nú er þessu snúið við hér á landi. Nú er það fólk ofsótt af yfirvöldunum, sem fer svona gálauslega með frítíma sinn, eins og skýrast kom í ljós fyrir síðustu jól, þannig að

FÉLAG VEFNAÐARVÖRUKAUPMANNA

Í REYKJAVÍK

án efa má nú gera ráð fyrir að þeim fækki nú meira að segja gömlu konunum, sem þrjóna hosur og vettlinga úr íslenskum lopa og leggja inn í verslanir til sölu, til þess að losna við stússið við yfirvöldin. Og margir þeirra, sem síðustu árin hafa unnið sér inn aukaskilding við smíði allskonar leikfanga á kvöldin, munu nú sjá, að ríkisvaldið lítur með meiri velþóknun og af meiri náð til þeirra, sem sitja yfir flöskunni.

Um öll skömmunarfyrimæli er þess vandlega gætt að þeir menn, sem helst ættu að vera ráðgjafar yfirvaldanna um framkvæmd þeirra, kaupsýslumennirnir, fái sjaldnast nokkuð að vita fyrir en ný og ný fyrimæli eru ákveðin. Og gengur þá oftast erfiðlega að fá lagfæringu á göllunum, þótt reynt sé eftir á.

Lögin um söluskatt mæla svo fyrir, að skattinn skuli leggja við útsöluverð, eftir að lögmæltri álagningu hefur verið bætt við kostnaðarverð vörunnar. Þessu ákveði er nú beitt þannig, að söluskattur er einnig krafinn af söluskatti, samkvæmt upplýsingum skattstofunnar en eftir fyrimælum fjármálaráðuneytisins.

Ekki er nóg að innflutningur vefnaðarvöru sé skorinn niður úr öllu valdi, heldur hefur álagning hennar verið lækkuð æ ofan í æ og því meir, sem innflutningur hefur minnkað, þrátt fyrir ákveðin loforð stjórnmalamanna um endurskoðun. Árið 1948 mun hver einasta vefnaðarvöruverslun á landinu hafa verið rekin með miklu tapi.

Að engri stétt þjóðfélagsins hefur verið svo þjarmað upp á síðkastið sem kaupsýslumönnum og engir eru eins hundeltir af ríkisvaldinu sem þeir, er hafa opnar sölubúðir. Þó hefur lítið verið möglað.

En þegar ráðstafanir ríkisvaldsins virðast hafa sagt skilið við alla sanngirni, þegar það er valdið eitt, sem gildir, þegar á að stimpla alla sem lögbrjóta, einnig þá, sem í engu mega vamm sitt vita, þá er það mannleysuháttur að mótmæla ekki og þessvegna er bréf þetta til orðið. Vér snúum oss til yðar sem stjórnmalamanns en ekki sem ráðherra, að yður megi ljóst vera hvert stefnir með þá stétt manna, sem eigi hvað síst hefur stutt að því, að hér búi frjálsir menn í frjálsu landi.

Með mikilli virðingu,
stjórn Félags vefnaðarvörukaupmanna,

Haldís R. Gunnarsson
Gunnar Hall.
Haldís R. Gunnarsson
Öflugur

- London, 21. febrúar 1949.

Kæri bróðir,

samningarnir hafa lítið gengið ennþá eins og þú sérð af skýrslum þeim, sem við höfum sent heim.

Varðandi síldarmjölið er það að segja að hugsanlegt er að Bretar muni hækka sig upp í £ 33 fyrir tonn fob á basis 65 % protein. Einnig býst ég við að þeir myndu ganga inn á að semja ekki um kaup á síldarmjölinu núna, ef þeir fengju loforð um að við héldum eftir 30 - 40 % af þeim hluta síldarmjölframléiðslu næsta sumars, sem flúttur yrði út og gæfum þeim kost á að kaupa þennan hluta mjölsins, er það hefði verið framleitt eða þegar komið væri fram á síldarvertíð, áður en við seldum það öðrum.

Ég býst við að mjög erfitt verði að fá Breta til þess að hækka tilboð það sem Mr. L. G. Fisher gaf okkur f. h. MOF hinn 16. febr. Við hefðum að sjálfsögðu óskað að ná a.m.k. sama verði og í fyrra, en eins og alt er í pottinn búið tel ég tilboð þetta eins hagstætt og hægt var að vonast eftir hvað verðið snertir og að öðru leyti miklu hagkvæmara en við gátum vænst, þar sem við erum ekki skuldbundnir að afhenda meira en 40 % af lýsisframléiðslunni upp að 8.000 tonnum (40 % af 20.000), en höfum hinsvegar option á að selja Bretum alt, sem við höfum laust umfram þetta, fyrir hið tiltekna verð.

Alt stendur fast með hraðfrysta fiskinn. Einnig halda Bretar fast við að semja um hverja af þessum framléiðsluvörum okkar fyrir sig. Reyndar hafa þeir ymprað á að taka "fið landings með hraðfrysta fiskinum, en ekki liggur það enn ljóst fyrir hvað þeir meina með því.

Við nefndarmenn erum á því, að næsta skref okkar eigi að vera að útskýra sem best, en þó í sem stystu máli, í sérstök

það

SIG. ÁGÚSTSSON

Útgerð - Verzlun - Frystihús

SIMNEFNI: ÁGÚSTSSON
SIMAR: 1-8-40-21

STYKKISHÓLMUR, 8. apríl 1949.

Kæri Bjarni Benediktsson,

Með línunum þessum vil jeg þakka þjer kærlega síðustu samfundi og ánægjulegt kvöldboð.

Þá vil jeg votta þjer traust og þakklæti mitt og flokksmanna minna í hjeraði fyrir störf þín sem utanríkisráðherra snertandi Atlandshafssáttmálann, sem þú hefir unnið að með mikilli atorku, enda þótt við óaldarlýð hafir átt að stríða - jafnvel innan stuðningsmanna stjórnarliðsins, sem var þó full ástaða til að vona að staði einhuga að þessu máli. Það er ánægjulegt að þetta mál hefir nú fengist afgreitt, án þess að kommúnistar næðu að framkvæma skemmdarverk sín, sem þeir þó markvíst reyndu að hrinda í framkvæmd með sínumalþektu aðferðum.

Mjer þykir leitt að þurfa vekja máls á því við þig, að mjer er nauðsyn á að fá þig og Jóhann Þ. Jósefsson til að hlutast til um að mjer verði veitt gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir fólksbifreið frá Ameríku eða Englandi. Jeg hefi nokkurrum sinnum talfært þetta við Jóhann, en hann ávalt svarað því til, að þið yrðuð að vinna að þessu í sameiningu, eða öllu heldur að þú hefðir betri aðstöðu til að koma þessu í gegn við Emíl. Jeg hefi mörgum sinnum sótt um leyfi til Viðskiptanefndar fyrir innflutningi á bifreið, en ávalt fengið synjun - enda þótt margþættur atvinnurekstur minn hefði átt að tryggja mjer slíkt leyfi. Þegar nú bætast við

SIG. ÁGÚSTSSON

Útgerð - Verzlun - Frystihús

SIMNEFNI: ÁGÚSTSSON
SIMAR: 1-8-40-21

STYKKISHÓLMUR,

II.

óhjákvæmileg ferðalög mín um sýsluna vegna kosningaundirbúnings,
sje jeg mig knúðan til að leita aðstoðar þíns og Jóhanns, málinu
til sigurs. Bið jeg þig að afsaka, að jeg skuli vera neyddur til
að ónáða þig um þetta atriði.

Með bestu óskum.

Þinn

Sig. Ágústsson.

Jón Sveinsson

SKATTAMÁLADÓMARI

Símar 358 og 19

Akureyri, 20. júlí 1949.

Hr. dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,

Heiðraði, kæri vin.

Mér skildist á þér, þegar við töluðum saman í Reykjavík um mánaðamótin maí-júní, að rétt væri að athuga, hvort ég ætti ekki að segja af mér rannsóknadómarastarfinu í skattamálum sakir heilsu-
brests. Eg það þá um dálítinn frest til umhugsunar og jafnvel til að sjá, hverju fram yndi um heilsu mína, og svo til þess að geta borið málið undir konu mína.

Heilsan virðist alltaf fara batnandi, og mér finnst sem ég gæti vel gegnt hvaða starfi sem er, einkum þeim, sem ég hefi fengið mikla æfingu í í lífinu og liggja ljóst fyrir mér. Eg átti tal við dr.med. Halldór Hansen um vottorðið, sem hann gaf um heilsu mína, og sagðist hann viðurkenna, að það væri "nokkuð sterkt", og það um, að það væri ekki notað, nema hann fengi nánara að útskýra það, ef eitthvað ætti endanlega á því að byggja.

Eg fékk líka vottorð hjá dr.med. Óskari Þórðarsyni, sem telst vera sérfræðingur í þeim sjúkdómi, sem að mér gengur, af því að dr.med. Halldór Hansen vitnaði í hann í sínu vottorði, en dr.med. Óskar Þórðarson sagði, að sérstaklega væri það athugasemjulegt við vottorð dr.med. H.H., að hann tiltæki of langan tíma til góðs bata. Annars álit ég, að þessir læknar geti lítið sagt. Maður finnur bezt sjálfur, hvað heilsunni líður, og það er svo mismunandi, hvernig sami sjúkdómur tekur hvern einstakan.

Það má vel taka til athugunar að segja upp embættinu, ef ég fengi annað þægilegt embætti í staðinn, eða að minnsta kosti einhver eftirlaun. Mér hefir dottið í hug, að gott væri að fá t.d. kr. 3.000,00 í eftirlaun í grunnlaun, bundið við mitt nafn og konu, og ég fengi ráðherrabréf fyrir því, því að slíkt myndi Alþingi síðar meir virða.

Í eftirlaun hjá Akureyrarbæ hefi ég loforð fyrir 30% af bæjarstjóralaunum. En bæjarstjóralaun voru, þegar ég lét af starfi árið 1934, ca. kr. 9.000,00 á ári, en nú eru þau kr. 13.200,00.

Annars teldi ég, að rétt væri að athuga, hvort nokkur hefði verið látinn segja upp stöðu, þótt heilsuveill hafi orðið um stund. Hér höfum við dæmi, t.d. um víglubiskup Friðrik Rafnar. Honum var fenginn aðstoðarprestur, sem ríkið greiddi að fullu. Nú hefir embættinu verið skipt, vitanlega vegna hans lasleika, en hann látinn halda fullum

Jón Sveinsson

SKATTAMÁLADÓMARI

Símar 358 og 19

Akureyri,..... 19

2.

launum og metorðum. Ég veit líka um háttstandandi starfsmenn ríkisins, sem halda fullum launum og fá næga aðstoð á ríkisins kostnað, sem og þjáðst hafa af sama sjúkdomi og ég, og verið jafnvel ennþá lengra leiddir, eins og t.d. núverandi forstjóri tóbakseinkasölnunnar.

Þá er ég fús til að skipta um starf eða stöðu, strax og heilsan leyfir, því að hún fer ört batnandi, en þá yrði ekki um nein eftirlaun að ræða. Ég hefi boðizt til að vinna hjá ríkisskattanevnd, eða hafa þar heildareftirlit með, að eigjör og tekjur séu almennt rétt taldar fram og skattæftirlitsins sé gætt í efsta " instance", eins og lög m mæla fyrir. Ég bauðst til að starfa í eignakönnuninni, ég bauðst einnig til að taka að mér skattstjórastöðuna á Akureyri á sínum tíma, allt auðvitað með einum og sömu launum, en ekkert af þessu hefir Fjármálaráðuneytið þegið.

Hér er rétt að athuga, að ekkert starf mun liggja fyrir, sem skattamáladómaranum ber að framkvæma, eða a.m.k. er mér ekki kunnugt um það. Þeir, sem ákærvaldið hafa, hafa ekki falið mér eða beðið mig um, að framkvæma neinar rannsóknir. En ég er reiðubúinn til að hefja skattarannsóknir, jafnskjótt og um það kynni að vera beðið, eða kosta þær, ef heilsa mín ekki leyfi, að ég framkvæmi þær persónulega, sem ég þó xx treysti mér vel til.

Ég get fallizt á, að rétt sé að breyta skattalögunum og leggja skattamáladómaraembættið niður, ef Alþingi vill ómögulega fallaast á að gera á því þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að starfa í embættinu, en þó skilst mér, ef embættið yrði lagt niður, að ég ætti að fá biðlaun, samkvæmt fyrirmælum tilskipunar frá 1855, sem lögleiðir lög frá 1851, um eftirlaun og biðlaun. Við það hefði ég auðvitað ekkert að athuga. Annars er mín skoðun sú, að rétt sé að hafa einhver skattayfirvöld með rannsóknardómavaldi og ákærvaldi.

Sé eitthvert samkomulag innan stjórnarinnar á döfinni um að reyna að draga mjög úr öllum opinberum kostnaði, jafnt ef til vill þörfum sem óþörfum, skal ekki standa á mér, að leggja niður embætti, svo að hægt verði að draga úr opinberum kostnaði, en eigi allar hinar mörgu vinnulitlu eða vinnulausu stöður eða embætti eða bitlingar að haldast, eða vera óbreytt, þótt hætt væri að launa mitt embætti, þá held ég, að það væri ekki nema dropi í hafið, ef allt annað ætti eftir sem áður að standa óhreyft.

En satt er það, tíundaþorfan hryggbraut hestinn hjá Bakkabræðrum, og seinasta skvettan sökkrir bátnum.

En það verð ég að segja, að vondslega hefi ég þá verið blekkur og auðtrúa, ef sá á að verða endir á öllum hinum góðu loforðum um virðulegt embætti, bæði frá 1934, 1937 og 1938, ef ég á að sleppa þessu starfi strax, án þess að fá annað starf í staðinn, sem ég treysti mér vel við, eða að þurfa að sæta starfi, sem hefir í för með sér mikla

Jón Sveinsson

SKATTAMÁLADÓMARI

Símar 358 og 19

Akureyri, 19

3.

flutninga og breytingar á heimili og öllum starfsháttum. Eg vildi helst mega vinna að skattstörfum, eða störfum líkum þeim, því að slíku er ég, eða var, kunnugastur. En þér treysti ég enn, að óreyndu til alls hins bezta, sem föður þínum og föðurbróður, Þórði, sem fyrr.

Og nú finn ég það vel, hvað ég hefi oft gert rangt í því, að fara ekki að ráðum góðra manna, eins og t.d. þegar þú hringdir mig upp 1943 og baðst mig að sækja um bæjarfógetaembættið á Ísafirði.

Hefði mér verið veitt það embætti, myndi margt hafa staðið öðruvísi fyrir mér nú, og ég getað látið af störfum með fullri sámd og í friði við alla.

Að endingu vil ég rétt minnast á, að ég verð sextugur á þessu ári og þykir leitt, ef ég verð mjög minnkaður áður, eins og sagt var um Sturlu í Hvammi.

Svo hefi ég þetta ekki lengra, Vertu sáll og blessaður,

Þinn einl.

Jón Sveinsson

ÓSKAR Þ. ÞÓRDARSON
Dr. med.

Reykjavík, 20.-6. 1949.

Það vottast hérmeð, samkvæmt beiðni hr. Jóns Sveinssonar, skattamáladómara, Akureyri, að ég hefi gert læknisskoðun á honum öðru hvoru undanfarin 2 ár, og nú síðast í byrjun þessa mánaðar. Við þá skoðun kom í ljós, að líðan hans var mun skárri en hún var fyrir aðgerð þá, sem gerð var á honum síðastliðið sumar á Ríkisspítala Kaupmannahafnar.

Ég hefi ráðlagt honum að forðast allt erfiði, bæði líkamlegt og andlegt, fyrst um sinn næstu 6 mánuði. Hinsvegar tel ég, að hann geti sér að skaðlausu unnið létt andleg störf, sem hvorki valda honum geðs- hræringa, né verulegs andlegs erfiðis.

Virðingarfyllst,

sign: Óskar Þ. Þórdarson.
læknir.

Þitt eftirrit staðfestir:
Jón Sveinsson
- skattamáladómari -

HALLDÓR HANSEN
Dr. með.

Reykjavík, 1/6 - 49.

Hér með vottast skv. upplýsingum, er ég hefi fengið frá dr. með. Óskari Þ. Þórðarsyni, um heilsufar Jóns Sveinssonar, skattamáladómara, Akureyri, að hann má ekki sinna neinum störfum eða embætti fyrst um sinn, í 6 - 12 mánuði, heilsu sinnar vegna, og er það í samræmi við athugun mína á sjúklingnum í dag.

Reykjavík, 1/6 - 49.

sign: Halldór Hansen.

11. nóv., 1949.

Ólgeir Ólafsson

Til
Viðskiptanefndarinnar,
Reykjavík.

Ég leyfi mér að fara þess á leit, að mér verði
hér eftir veitt hluttaka í innflutnings-kvóta fyrir vefnað-
arvöru, búshöld og skófatnað.

Ég hef, hingað til að vísu, nær eingöngu haft umboðssölu með
höndum, en ég hef rekið mig á, að smasalar hafa farið með
innflutningsleyfi sín til manna, sem hafa afgreitt úta þau,
ymist af fyrirbyggjandi birgðum eða vörum, sem legið hafa á
hafnarbakkanum, og þá fengist utleystar gegn leyfum smasal-
anna.

Ennfremur hafa menn í ár krafist 25% viðbótar við sín leyfi,
sem ég hefði ekki getað látið í té, þar sem ég hefði engin leyfi
fengið sjálfur, nema fyrir synishornum.

Af þessum sökum er ég alveg útilokaður, nema í þeim fáu til-
fellum, að smasali hafi fengið það stórt leyfi, að hann teldi
þorpa sig að "panta beint" og biða eftir afgreiðslu í nokkura
manugi, í stað þess, einsog fyrr getur, að taka úta leyfið
hjá heildsala hér á staðnum.

Ég þykist og eiga nokkurn rétt til að fá hlutdeild í kvótanum,
þar sem ég hefði fengist við innflutning í næstum þrjátíu ár.

Virðingarfyllt,

ÁÓ:ib

E. E.

Vorið 1945 keypti ég íbúð í húsinu nr. 56 við Skúlagötu hér í bænum og flutti í hana um mánaðamótin maí/júní sama ár. Stundaði ég þá vinnu í skrifstofu skipulagsstjóra ríkisins og hef gert síðan.

Í marz-mánuði 1947 dó kona mín, og upp úr því leystist heimili mitt upp, þar sem einkabarni okkar var komið í fóstur til mágs míns. Leigði ég síðan íbúð mína l. okt. 1947 Jóni Þ. Árnasyni, sem þar býr enn.

Á komandi hausti er tilsetlun mín að stofna heimili á ný, og er mér af þeim ástæðum brýn þörf á húsnæði mínu. Hef ég sagt leigutaka mínum upp húsnæðinu, en hann ekki viljað taka hana til greina.

Það eru því tilmæli mín við háttvirta húsaleigunefnd, að hún leyfi mér að segja nefndum Jóni Þ. Árnasyni upp nefndu húsnæði, samkv. l. mgr. 2. málsl. l. gr. húsaleigulaganna.

./.

Hjálagt fylgir afrit af uppsögn minni til leigutakans.

Reykjavík, 27. maí 1949.

Virðingarfyllt,

Kjartan Sveinsson

Blómvallagötu 11.

Til húsaleigunefndar Reykjavíkur

Reykjavík.

Hér með segi ég yður upp húsneði því,
er þér hafið á leigu á 2. hæð hússins nr. 56 við
Skúlagötu hér í bænum, og ber yður að hafa rýmt
íbúðina í síðasta lagi á hádegi 1. okt. n.k.

Uppsögn þessi byggist á brýnni þörf
minni fyrir húsneðið.

Reykjavík, 27. maí 1949.

Virðingarfyllst,

Þorgerður Þorvaldsdóttir

Herra Jón P. Arnason
Skúlagata 56

Reykjavík.

EMIL MAGNÚSSON

ÞÓRSHÖFN

Þórshöfn 11.3.1949

Herra utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Eg vil hér með tjá yður þakkir mínar fyrir þá aðstoð, sem þér veittuð mér, með því að tala við Sverri Júlíusson á s.l. hausti, en árangur af því hefir ~~xxxxxxx~~ verið að koma í ljós að undan förnu. Fyrir skömmu var eg staddur í Reykjavík og náði þá tali af Sverri fyrir milligöngu Jóhanns Hafstein. Lagði eg síðan inn umsóknir til Viðskiptanefndar og lofaði Sverrir að gera sitt ítrasta, til þess að verða mér að liði. Hinsvegar mundi eg vilja þiðja yður, að tala mínu máli við Sigurð B. Sigurðsson, og er það samkv. ráðleggingu Eggerts Kristjánssonar, en hann hefir reynst mér hinn beztu drengur á allan hátt.

Eg bið yður afsökunar á þessu kvabbi og vona að þér misvirðið það ekki við mig.

Virðingarfyllt,

Emil Magnússon

CREATIVE
Direct Advertising
INDUSTRIAL

WILLIAM A. BATTISTA
INCORPORATED

15 WEST 47th STREET • NEW YORK, N. Y.
Telephone — Circle 6-8215

March 15, 1949

Hr. Bjarni Benediktsson
Foreign Minister
Iceland Legation
Washington, D.C.


Dear Mr. Benediktsson:

May I take this opportunity to personally welcome you and your associates to this country and to hope that you enjoy a pleasant and successful visit.

You will undoubtedly be interested to know that I have arranged an informal luncheon meeting of the American journalists, who visited Iceland on the AOA inaugural flight, to celebrate the second anniversary of that trip. It will be held at the Press Box Restaurant in New York City on Thursday, March 17. We should certainly enjoy your attendance if such is possible in the middle of your busy schedule. Bob Williams will also be there.

Meanwhile, if I can be of any assistance while you are here, please feel free to call on me.

Sincerely



Roger G. Allen

(formerly Director of Liaison
for the Iceland Airport Corp.)

Fröðafirði 16. mars 1949.

Góði vinur!

Ég vona að þú tækir mér það ekki illa upp, þó að ég ónæði þig um lilla stund í þínu mikla aruríki með því að skrifa þér þessar fáu línur. Helzt vildi ég vera mamma síðastur til þess að trufla þig í þínum ábyrgðarmiklu störfum, en ég geri mér vonir um, að þú látir mig njóta gamallrar virðis og samstarfs, ef þér skyldi ég finnst of aðgangsfrekur. Ég veit að óþarft er að minna þig á gamalt loford, sem þú gafst mér í farar-vesti þingad vestur, og sem ég þykist ekki fram til þessa hafa misnotað mér af, en sem mér hefur þó verið mikill sálarstyrkur að í baráttu minni fyrir stefnu Gjalftaðisflokkisins hér á Fröðafirði. Þú sagðir að ég mætti snúa mér til þín, ef ég teldi mig þurfa á að halda. Nú er svo komið í bili, að ég tel mig mjög þurfa þinnar liðveizlu við.

Ég veit að óþarfi er að vera með miklar málalengingar og skjringar,

þar sem þú átt hleð að máli, og skal ég þvi reyna að orða óskir mínar í sem stýðstu máli.

Skömmu áður en þú lagðir af stað í síðustu utanför þína átti ég tal við þig í síma, og óskaði ég eftir þvi, að þú beittir ábrifum þínum til þess að ég fengi skilyrðislaust afhenta 200 þúsund króna ávísun frá ríkissjóði, sem er lögumt greiddsla ríkissjóðs upp í byggingarkostnað við svokallaða Fjardarstrætisbyggingu hér á Laubirði, en send hafði verið Jóni Guðjónssyni fyrrverandi bójarstjóra, ásamt hinum furdulegustu skilyrðum um afhendingu hennar. - Ég sendi þér hér með afrit af þeim bréfum, er snerta þetta mál, og þarf þvi ekki að orðlengja um það, hvað um er að ræða, enda skjirði ég þér lauslega frá öllum málavæðum í áður áminstu samtali okkar.

Ég hefði ekki einu fengið umrædda ávísun í mínar hendur, svo mál þessi standa ennþá óbreytt frá þvi sem þau stóðu, þegar ég átti síðast tal við þig.

Slitt þykjumst við hér vestra vita með fullri vissu, að þú meirir hafa brugðist fljótt við óskum okkar og afskipti þús af málinu borist jákvæðan árangur í félagsmálaráðuneytinu.

En svo skedur það, að Jónasi Gudmundssyni, skrifstofustjóra ráðuneytisins, hefir fundist hann þurfa að draga dudu yfir sínar fyrri fljótferis villur, með því að óska munnlega eftir sérstakri yfirlýsingu hédan að vestan, og meir Sigurður Bjarnasson hafa hlaupið inn á þá þeirre mannsins, og lofað að útvega honum slíka yfirlýsingu frá meirihluta bæjarstjórnarinnar hér. En slík beiðni verður ekki tekin alvarlega af meirihluta bæjarstjórnarinnar, nema um það komi skrifleg tilmali frá félagsmálaráðuneytinu, og því aðeins, að fylgi þessu itarlegur rökstuddingur um það, hver eru tilföni þess að beiðni er um slíka yfirlýsingu.

Í dag var Sigurði Bjarnassyni sent wohljóðandi skeyti hédan.

ad vestan:

„Fjarhagsmálem bjargað í bili.
 Allar yfirhingsingar ófianlegar. Þrangurb
 hegt að vanta eftir heimkomu utanríkis-
 málaraðherra. Sker kveðja.

Matthías Bjarnason.

„Ef þessu sértu, að við byggjum
 allt okkar traust í þessum efnum á
 þér, og ég fyrir mitt leyti er þess full
 viss, af fyrri reyðlu minni af þér,
 að þú munt ekki bregðast því trausti.
 Ég veit að þú munt hafa fengið góð
 svör í ráðuneytinu, þar sem þú létst
 mig ekkert heyra frá þér áður en þú
 fórst utan, og ég veit líka, að þér er ekki
 um það gefið að láta standa vitortús
 tón. Þess vegna vanti ég þess, að þú
 sjáir svo um, að mér verði afhent
 unvædd ríkissjóðsávisum tafarlaust,
 ef ekki er bein ætlu felagsmálaráðu-
 neytisins að brjóta á okkur lög, og ef
 svo er, þá veit ég að þú líður ekki slíkt.

Vona að þú látir mig heyra
 fljótlega frá þér.

Með bestu óskum.

Þinn einalegur vinur

Ólafur Þór Halldórsson

Erik Brüel

Landsretssagfører, Dr. jur.

Udgiver af
Nordisk Tidsskrift for International Ret.

Telefon Central 15242 Ege-2dr.: Interlam.

Skrevet og se samme

København K., d. 3/6 1949

St. Kongensgade 79, St.

Til

Redaktionskomiteens Medlemmer.

Samtidig med at meddele, at det er lykkedes mig at formaa fhv. Minister Per Federspiel til at indtræde i Komiteen for Nordisk Tidsskrift for international Ret, tillader jeg mig at udbede d'Herrers Tilslutning til at anmode Minister Federspiel om at være Komiteens Formand.


Komiteen har ganske vist ikke tidligere haft nogen saadan. Som d'Herrer imidlertid vil erindre, blev der for nogle Aar siden af Professor Ross rettet Kritik mod at jeg, efter under Krigen at have redigeret det af det danske Udenrigsministerium subventionerede Tidsskrift for Udenrigspolitik, fortsat stod som Udgiver af Nordisk Tidsskrift for international Ret. Selv om denne Kritik, der alene var dikreter af Professor Ross's Ønske om at fjerne mig fra nævnte Tidsskrift for selv at føre dette videre paa Basis af den af mig skabte good-will, takket være d'Herrers loyale Holdning overfor mig ikke førte til det af Professor Ross ønskede Resultat, medførte dette, som det vil være d'Herrer bekendt, at han grundlagde et konkurrerende Tidsskrift. For den Sammensmeltning af de to Tidsskrifter, som vil være det eneste naturlige, og som utvivlsomt vil lettes ved at det nye Tidsskrift allerede kæmper med betydelige økonomiske Vanskeligheder, vil det efter min Opfattelse være af stor Betydning, at Minister Federspiel staar som Formand for Redaktionskomiteen af vort Tidsskrift. Som en af den danske Modstandsbevægelses Førstemænd og dennes Repræsentant i Regeringen Knud Kristensen, tør det nemlig forventes, at hans eventuelle Formandsskab i Redaktionskomiteen, hvorved han i nogen Grad bliver Tidsskriftets "Ansigt" udadtil, paa afgørende Maade vil vise Grundløsheden af den af Professor Ross rejste Kritik og dermed det meningsløse i at have to Tidsskrifter indenfor samme Fagomraade.

Da Tidsskriftet nu bæres oppe ved Støtte fra private Institutioner, vil det maaske ogsaa være rimeligt, at der er en Person, der foruden mig har et særligt Ansvar for Anvendelsen af de oppebaarne Tilskud, saaledes som det naturligt vil være Tilfældet med Formanden, og da ogsaa dennes Medvirken til at skaffe Midler bedre vil kunne paakaldes end de enkelte Redaktionsmedlemmers, synes ogsaa praktiske Hensyn at tale for Etableringen af en Formandspost. Det er klart, at denne burde have været besat med et af de Medlemmer af Redaktionskomiteen, der har ældst Anciennitet indenfor denne. Grundet paa de foran berørte særlige Forhold tillader jeg mig dog at foreslaa, at man ser bort herfra og anmoder Minister Federspiel om at overtage Formandsposten, foreløbig for en 3-Aars Periode, saaledes at Formandsposten derefter alternerer.

Med Hensyn til Minister Federspiels faglige Kvalifikationer skal jeg oplyse, at han som Søn af den kendte Internationalist, afdøde Dr.jur. Holger Federspiel, saa at sige er Jurist fra Fødslen, og som Student fra England fra sin tidligste Ungdom internationalt indstillet. Han beskæftigede sig da ogsaa lige fra sin Studentertid her ved Universitetet med internationale Spørgsmaal og medvirkede som ganske ung Sagførerfuldmægtig som en højt vurderet Medhjælper for Danmarks Advokat i Østgrønlandssagen, Højeretssagfører Steglich-Petersen. Som Medlem af den danske Delegation til De forenede Nationer, der som det vil erindres, valgte ham til Medlem af Palæstinakomissionen, har han stadig Kontakt med UN, indenfor hvilken han, takket være sine sproglige Kundskaber og særlige Evne til at skaffe sig Venner overalt, har de bedste Forbindelser, som han allerede uden nogensomhelst Tilknytning til Tidsskriftet paa forskellig Maade har udnyttet til Fordel for dette. Gennem sine Kolleger i Delegationen, af hvilke et Par staar Professor Ross's Kredse nær samtidig med at de finder det ligesaa urimeligt som vi, at der skal eksistere to Tidsskrifter indenfor saa lille et Fagomraade, vil Federspiel, der er i Besiddelse af fremragende konciliante Evner, utvivlsomt have de bedste Muligheder for, naar han faar lidt Tid paa sig, at tilvejebringe en Ordning, hvorved de to Tidsskrifter kan forenes i eet og da formentlig saaledes, at det bliver det ældste Tidsskrift, der fortsætter med Optagelse helt eller delvis af det nye Tidsskrifts Redaktions- og Medarbejderstab.

For ikke at besvære d'Herrer med at besvære, hvis De ikke har noget at indvende mod det af mig fremsatte Forslag, vil jeg tillade mig, saafremt jeg ikke hører nærmere fra Dem f.Eks. inden den 15. ds. at anmode Minister Federspiel om at overtage Posten som Formand i Komiteen og dermed som Tidsskriftets Formand.

Deres ærbødige





BRITISH LEGATION,
REYKJAVIK.

70/7/49

21st February 1949

My dear Minister,

Last September, when I had the pleasure of informing you that His Majesty The King had conferred on you The King's Medal for Service in the Cause of Freedom, I was obliged to add that, although it was desired to deliver the ribbons at an early date, the actual medals were not at that time available.

I now send you the medal, which has just been received from London, and I shall be grateful if you be so good as to acknowledge its receipt on the enclosed form.

Yours sincerely,

C. W. Buxton

His Excellency The Minister for Foreign Affairs and Justice
Herra Bjarni Benediktsson.

Kungstensgatan 69, Stockholm, den 31 okt. 1949.

Skrifts. ansv. 200

Herr Utrikesminister Bjarni Benediktsson,

Med allra största intresse har jag i Isafold läst Eder serie artiklar om Islands Utanrikemåla. Ha de möjligen också kommit ut i bokform? I så fall skulle det mycket glädja mig att få ett exemplar av denna värdefulla skrift. På sin tid fick jag löfte att få Handb. Utanrikieråduneytisins allt eftersom de utkomma. Jag har dem för 1946, 1947 och 1948 men ej för 1949. Till min stora glädje har jag i Isafold läst, att Island nu liksom samtliga andra nordiska länder givit ut en Statskalender (Rikishandbök Islands). Med stor tacksamhet

skulle jag mottaga ett exemplar av denna, om Herr Utrikesministern vänligast godhetsfullt skulle vilja sända mig densamma. Rent personligt skulle jag sätta värde därpå men den skulle också vara mig till stor nytta vid besvarandet av frågor, som riktas till mig per telefon eller vid personliga besök. Mina sympatier för Island äro nämligen rätt väl kända här i Sverige.

När mina tankar rätt ofta gå till Island och Eder, erinrar jag mig alltid samtidigt Eder hägt förtjänte fader, som jag sätter stort värde på. Min intime vän Bjarni frá Vogli är också ofta i mina tankar, och det glada mig mycket, att jag bland de vänliga telegrammen från Island på min 70-årsdag också fick ett sådant från hans änka, som jämte Bjarni ofta gästade oss i Uppsala och Stockholm. Självt är jag nu sedan snart nio år själv änklings.

Med utmärkt högaktning
Eder tillgivne

Peter Lundberg